

---

**Þriðji fundur Leiðtogaáðs LUF**  
24. nóvember 2021, Hitt húsið, kl. 17:30

**Fundarstjóri:** Geir Finnsson, oddviti Leiðtogaáðs

**Fundarritari:** Sigurður Helgi Birgisson

## DAGSKRÁ FUNDARSTJÓRA

### 1. Drög að dagskrá fyrsta fundar Leiðtogaáðs

#### *Til umræðu og samþykktar*

- GF býður fólk velkomið á þennan þriðja fund ráðsins á þessu starfsári.
- GF kynnir dagskrá og vekur athygli á að hún byggist á fastri dagskrá skv. lögum LUF.
- GF gefur færi á athugasemdum við dagskrá og tekur fram að alltaf verður hægt að óska eftir að bæta við hana undir önnur mál, ef tími gefst.
- GF leggur dagskrá til samþykktar, (fyrst breytingatillögur ef þær berast) og svo dagskrá í heild.

GF leggur drög að dagskrá undir fundinn.

Samþykkt með lófaklappi.

### 2. Tillaga frá stjórn að kosningafyrirkomulagi

#### *Til umræðu og samþykktar*

- **Verði einn í framboði þegar framboðsfrestur rennur út:** telst frambjóðandinn sjálfkjörinn. Sem stendur er einn í framboði, ef ekki berast fleiri framboð verður sá fulltrúi sjálfkjörinn. Framboðsfrestur rennur út að loknum kynningum á frambjóðendum.
- **Berist fleiri framboð:** Verður kosið leynilega í einni umferð. Sá sigrar sem hlýtur flest atkvæði og sá sem fær næst flest atkvæði verður varafulltrúi. Verði jafntefli á milli frambjóðenda verður kosið á milli þeirra. Verði jafntefli á milli tveggja frambjóðenda, þegar einungis tveir eru í framboði gildir atkvæði oddvita leiðtogaáðs tvöfalt.
- GF ber tillögu stjórnar upp til samþykktar.

GF leggur tillöguna undir fundinn. Samþykkt.

### 3. Kosning kjörbréfanefndar

#### *Kosning*

- GF tilkynnir að stjórn leggi til að Sigurður Helgi Birgisson lögfræðingur LUF og Sylvía Martinsdóttir gjaldkeri LUF sitji í kjörbréfanefnd ásamt einum

óháðum fulltrúa úr leiðtogaráði frá félagi sem er ekki með fulltrúa í framboði á fundinum.

- GF óskar eftir sjálfboðaliða.

Jessý fulltrúi SHÍ býður sig fram.

Samþykkt.

- Ef enginn hreyfir við andmælum teljast þau kjörin í kjörbréfanefnd.

Samþykkt.

#### 4. Framboð til Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði sjálfbærrar þróunar:

##### *Leynileg kosning / Lófaklapp*

- GF tilkynnir að framboðsfrestur til Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði sjálfbærrar þróunar sé runnin út.
    - Þar sem aðeins eitt framboð barst fyrir framboðsfrest telest Kolbrún Fríða Hrafnkelsdóttir, fulltrúi UU sjálfkjörin.
  - GF upplýsir ráðið um að fulltrúinn komi meðal annars til með að sækja loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.
  - GF tilkynnir að frambjóðendur fái að hámarki 3 mínútur til að kynna sig:
- 1.1. Ungir umhverfissinnar (UU): Kolbrún Fríða Hrafnkelsdóttir. GF tilkynnir ráðinu að Kolbrún hefur sent ráðinu upptöku þar sem hún er því miður stödd erlendis.

- GF útskýrir að fulltrúar félaga með fulla aðild kjósi leynilega, hver fulltrúi ráðsins með kosningarétt ritar fyrra nafn þess sem hann ætlar sér að kjósa, brýtur seðilinn saman þannig að letrið snúi inn og setur í kjörkassann. Þetta gerum við í okkar viðleitni til að vera umhverfissvæn.
- GF tilkynnir þegar kjörbréfanefnd hefur talningu.
- Þegar úrslit liggja fyrir kynnir GF formann kjörbréfanefndar í pontu til að tilkynna úrslitin.

#### 5. Áfangaskýrsla stjórnar

- GF kynnir Unu Hildardóttur forseta LUF upp í pontu til að kynna áfangaskýrslu stjórnar.
  - GF kynnir Sigurð Helga Birgisson í fjarveru Unu. SHB kynnir stöðu verkefna í áfangaskýrslu.
- GF gefur fulltrúum færi á spurningum.

#### 6. Fjárhagsstaða

##### *Til upplýsinga*

- GF kynnir Sylvíu Martinsdóttur gjaldkera LUF til að kynna fjárhagsstöðu félagsins.

- GF gefur fulltrúum færi á spurningum.

*SHB verður SM innan handar með að svara spurningum ef einhverjar verða.*

## **7. Félagi ársins**

### ***Til upplýsinga***

- GF kynnr Unu Hildardóttur forseta LUF upp í pontu til að kynna Félagi ársins 2021.
- GF gefur fulltrúum færi á spurningum.
  - GF og SHB

## **8. Önnur mál**

- GF gefur fulltrúum færi á bera upp önnur mál á dagskrá.
- Fólkið vill varafulltrúa
- Uppfæra heimasíðu
- Deila inn á leiðtogaáðsgrúppuna Erasmus+ póstinum/netfanginu
- GF slítur fundi.
  - Katrín Sigríður, forseti Uppreisnar kynnr sig fyrir ráðinu þar sem hún var að taka við formennsku.
  - Egill, fulltrúi UU spyr um auglýsingu á tilnefningum til ungmennafulltrúa hjá SÞ.
  - Umræða um varafulltrúa ungmennafulltrúa hjá SÞ og nauðsyn þess að formfesta betur og tryggja að allir kjörnir fulltrúar séu með varafulltrúa.
  - Athugasemd frá Agli hjá UU: þarf að uppfæra heimasíðu, bæði Sendinefnd hjá SÞ og aðildarfélög (ELSA og Ungir fjárfestar eru enn skráð sem áheyrnaraðildarfélög)
  - Egill frá UU óskar eftir nafnhring þar sem ekki allir fulltrúar þekkjast. Fer einnig fram á að haldið verði í þá hefð.

Fundi slitið kl. 18:31